WALDORFSKÓLINN
LÆKJARBOTNUM

# Bekkjarnámskrá 7.-8. bekkur 2026–2027

## Íslenska

Íslenska er kennd í tveim lotum, önnur á haustönn, hinn á vorönn. Auk þess er vikulegur æfingatími fastur liður allt skólaárið, tvær kennslustundir í senn á þriðjudögum.
Áhersluþættir í íslensku: talað mál og hlustun, bókmenntir, lestur og lesskilningur, mál og málnotkun, og ritun.
Íslenska er samþætt við samfélagsfræði, mannkynssögu og náttúrufræði á haust- og vorönn.

| | | Viðfangsefni lotunnar | Hæfniviðmið |
|---|---|---|---|
| Haustönn<br>14.9.-18.9.<br><br>vikulegur<br>æfingatími | Íslendingasaga<br>og bókmenntir | Fyrri lotan tekur fyrir Íslendingasöguna Gunnlaugssögu Ormstungu.<br><br>Æfingatímar: bókmenntir, lestur, hlustun, lesskilningur, ritun, orðaforði, hugtakaskilningur, útdrættir og málfræði.<br>Málfræði: smáorð | Að nemendur geti:<br>● greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða.<br>● lesið, túlkað, metið og fjallað um persónur og atburði í Gunnlaugssögu og gildi hennar/Íslendingasögu sem bókmenntaverks.<br>● geti skilið mikilvægi þess að geta lesið og eflt eigin læsi, hugtakaskilning og orðaforða.<br>● beitt skipulögðum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar.<br>● kannist við og geti jafnvel farið með fleygar setningar úr Gunnlaugssögu, skilið gildi fleygra orða og fastra orðasambanda til að auðga tungumálið og gert sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta í þessu skyni. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | | ● þekki þau siðferðilegu hugtök sem hafa verið lögð inn meðfram sögunni og geti tengt þau við atburði og persónur.<br>● geti lagt sjálfstætt mat á persónur og atburði sögunnar og rökstutt það með vísan í orsakir og afleiðingar mannlegra athafna<br>● smátt og smátt skrifað eigin útdrátt úr köflunum<br>● aukið færni í stafsetningu og réttritun. |
| Vorönn 1.2. - 10.2.<br><br>vikulegur æfingatími | ljóð, bragðfræði og nútímaskáldsögur | Seinni lotan tekur fyrir ljóð og bragfræði<br><br>Áhersluþættir í íslensku: talað mál og hlustun, bókmenntir, lestur og lesskilningur, mál og málnotkun, og ritun.<br><br>Æfingatímar: Nútímaskáldsaga, lestur, lesskilningur, framsögur, stafsetning og málfræði<br>Málfræði: fallorð | Að nemendur geti:<br>● lært og beitt mismunandi málfræðihugtökum<br>● áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í texta.<br>● notað málfræði þekkingu sína til að bæta stafsetningu<br>● þekki nokkur grunnhugtök í bókmenntafræði svo sem tíma, sögusviðs og sjónarhorns<br>● lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga<br>● þekki til mismunandi ljóðagerðir, forms og innihalds,ríms, ljóðstafa og boðskaps<br>● notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um ljóð<br>● hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum<br>● átt góð samskipti, hlustun og samvinnu og tjáð eigin skoðanir<br>● lesið texta af öryggi og með góðum skilningi<br>● lesið skáldsögu að eigin vali og gert grein fyrir efni hennar<br>● flutt mál sitt skýrt og áheyrilega fyrir framan bekkjarsystkini sín |

## Stærðfræði

Stærðfræði er kennd í tveim lotum, önnur á haustönn, hin á vorönn. Auk þess er vikulegur æfingatími fastur liður allt skólaárið, tvær kennslustundir í senn.

| | | Viðfangsefni lotunnar | Hæfniviðmið |
|---|---|---|---|
| Haustönn<br>2.11.-27.11.<br><br>vikulegur<br>æfigartími | | Reikningur<br><br>Brot<br><br>Tugabrot<br><br>Þrautir<br><br>Rúmfræði | Að nemendur:<br>● þekki eiginleika talna.<br>● i hafi vald á námundun.<br>● þekki forgangsröð aðgerða og geti unnið með almennar reikniaðgerðir samlagning, frádrátt, margföldun og deilingu með heilum tölum og brotum<br>● geti reiknað og unnið með almenn brot og tugabrot.<br>● geti fundið samnefnara fyrir almenn brot og geti lagt saman, dregið frá, margfaldað og deilt með almennum brotum.<br>● geti breytt almennum brotum í tugabrot og öfugt<br>● geti leyst talnaþrautir og gátur.<br>● hafi vald á hringfara og reglustiku við gerð fagurfræðilega rúmfræðiforma og þekki rúmfræðihugtök eins og miðju, geisla (radíus), þvermál, streng, sniðil (sekant), snertilínu (tangent), og boga |
| Vorönn<br>8.3.-9.4<br><br>vikulegur<br>æfingatími | | Prósentureikningur<br><br>Rúmfræði<br><br>Algebra | Að nemendur:<br>● geti reiknað út flatarmál og ummál ferninga og rétthyrninga. hafi vald á hornamælingu, -þekki hugtökin rétt horn, beint horn, þveril, samsíða línur, grannhorn og topphorn, þekki sönnun á hornasummu þríhyrnings og þekki pýþagórasarregluna og geti sett hana fram á rúmfræðilegan hátt.<br>● hafi skilning á einföldum prósentureikning<br>● hafi skilning á einföldum bókstafareikning |

## Erlend tungumál

### Enska

| | Haustönn / Vorönn | Viðfangsefni lotunnar | Hæfniviðmið |
|---|---|---|---|
| Vikulegir<br>æfingatímar | Vikulegur æfingatími er vikulega allt skólaárið, tvær kennslustundir í senn. Áhersluþættir í ensku: talað | Kennslu og verkefnabók Spotlight 9<br>Þemabók: The Musicians of Bremen.<br>Æfingahefti Hickory, Dickory, Dock | ● Nemandi getur skilið í meginatriðum frásögn og innlögn sem hann hlustar á í |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | mál og hlustun, tónlist, bókmenntir, lestur og lesskilningur, mál og málnotkun, og ritun | Smásögur, | kennslunni og tengist viðfangsefnum daglegslífs og því efni sem verið er að vinna með<br>● Nemand getur tekið þátt í umræðum og skoðunaskiptum á einföldu máli og fært einföld rök fyrir máli sínu og hlustað á mótrök<br>● Nemandi getur skirfað samfelldan texta á ágætu máli um efni sem hann þekkir |

## Danska

| | Haustönn / Vorönn | Viðfangsefni lotunnar | Hæfniviðmið |
|---|---|---|---|
| vikulegir æfingatímar | Vikulegur æfingatími er vikulega allt skólaárið, tvær kennslustundir í senn. Áhersluþættir í dönsku: talað mál og hlustun, tónlist, bókmenntir, lestur og lesskilningur, mál og málnotkun, og ritun | Kennslu og vinnubækur Start og Smart<br>Digte: Halfdan Rasmussen<br>Lesbók; Alarm | ● Nemandi getur skilið í meginatriðum frásögn og innlögn sem hann hlustar á í kennslunni og tengist viðfangsefnum daglegslífs og því efni sem verið er að vinna með<br>● Nemand getur tekið þátt í umræðum og skoðunaskiptum á einföldu máli og fært einföld rök fyrir máli sínu og hlustað á mótrök<br>● Nemandi getur skirfað samfelldan texta á ágætu máli um efni sem hann þekkir |

# List- og verkgreinar

## Handavinna

| | Haustönn | Viðfangsefni lotunnar | Hæfniviðmið |
|---|---|---|---|
| 28.9. - 27.11.<br>7. Bekkur | Stengjabrúða | 7.Bekkur<br>Nemendur gera handsaumaðar strengjabrúður. Lesa saman ævintýri og setja upp brúðuleikhús | Að barnið:<br>● þekki mun á aftursting og beinsaum<br>● þekki eiginleika prjónað efnis<br>● geti sýnt góða samvinnu |
| 12.4. - 21.5.<br>8. Bekkur | Búningar | 8. bekkur<br>Í vetur læra nemendur á saumavél. Nemendur læra að útfæra snið og sníða. Það er vinna sem krefst útsjónarsemi og nákvæmni. Við munum taka fyrir einföld saumaverkefni sem unnin verða í saumvél. | Að barnið:<br>● þekki mun á aftursting og beinsaum<br>● þekki eiginleika prjónað efnis<br>● geti þrætt og saumað einfalda sauma í saumavél<br>● þekki mun á beinsaum og zikk zakk saum á saumavél. |

## Smíði

| | Smíði | Viðfangsefni lotunnar | Hæfniviðmið |
|---|---|---|---|
| 12.4. - 21.5.<br>7. Bekkur | Sleif/Spaða/Ausa | Í 7. bekk byggja nemendur beint á þeirri færni sem þeir öðluðust við gerð skeiðarinnar í 6. bekk. Þeir vinna nú með stærri og flóknari nytjahlut, svo sem sleif, spaða, stóra skeið eða ausu.<br>Í 6. bekk lærðu nemendur að nota holjárn til að hola út við og skapa íhvolft form. Í 7. bekk verður þessi tækni markvissari og sjálfstæðari. Nemendur þurfa að geta stjórnað stærra holrými, dýpt þess, lögun og tengslum þess við ytra form hlutarins.<br>Stærri hluturinn krefst meiri skilnings á hlutföllum, þykkt, styrk, jafnvægi og virkni. Nemendur þurfa að taka tillit til þess að stærra íhvolft form krefst meiri stjórnunar og að viðurinn þarf að halda nægum styrk á meðan hann er holaður út.<br>Sleif, spaði, stór skeið og ausa eru ólíkir hlutir en allir byggja þeir á sömu meginhugmynd: efnið er mótað til þess að verða að nytjahlut sem hefur ákveðna virkni. | Að loknu verkefni skal nemandi geta:<br>● þekkt helstu trjátegundir í Lækjarbotnum og greint þær eftir árstíðum<br>● metið hvaða hluti trés eða greinar hentar fyrir stærri nytjahlut<br>● valið efnivið með tilliti til vaxtarlags, trefjastefnu, kvista, styrks og fyrirhugaðrar notkunar<br>● útskýrt hvernig eiginleikar viðarins hafa áhrif á hönnun og vinnuferli<br>● beitt tálgunarhníf og holjárni af auknu öryggi, nákvæmni og sjálfstæði<br>● holað út stærra íhvolft form með holjárni og stjórnað dýpt þess<br>● haldið jafnvægi milli þess að fjarlægja efni og viðhalda nægilegum styrk<br>● tengt saman íhvolf og kúpt form í einni samhangandi hönnun |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | | ● mótað innra og ytra form þannig að þau styðji hvort annað<br>● tekið mið af þykkt, styrk, jafnvægi og virkni við mótun nytjahlutar<br>● hannað og smíðað sleif, spaða, stóra skeið eða ausu<br>● lagað hönnun sína að fyrirhugaðri notkun<br>● sýnt sjálfstæði í skipulagningu og framkvæmd lengra vinnuferlis<br>● metið eigin vinnu og gert breytingar þegar þess er þörf<br>● sýnt aukna nákvæmni í mótun og frágangi<br>● gengið vel frá verkfærum, efniviði og vinnusvæði. |
| 28.9. - 27.11.<br>8. Bekkur | Bolla | 8 bekkur. Nemendur hanna og smíða sinn eigin tré bolla úr ferskum viði og byggja verkefnið á þeirri efnisþekkingu sem þeir hafa aflað sér í fyrri bekkjum. Hér verður áherslan enn meiri á að skilja uppbyggingu trésins og nýta náttúrulega styrkleika þess við mótun hlutarins.<br>Verkefnið hefst í skóginum. Nemendur kynnast trénu sem hráefni og taka þátt í fellingu undir náinni leiðsögn kennara og með viðeigandi öryggisráðstöfunum. Við fellinguna er meðal annars notuð exi, og nemendur fá þannig innsýn í hvernig tré er unnið úr skóginum og breytt úr lifandi tré í efnivið.<br>Eftir fellingu er drumburinn skoðaður með það að markmiði að skilja hvernig trefjar trésins liggja og hvar styrkur viðarins er mestur. Nemendur læra að nota klofjárn til að kljúfa drumbinn eftir trefjum, í stað þess að saga hann eingöngu í sundur. Með þessu fá þeir beina reynslu af náttúrulegri uppbyggingu viðarins.<br>Við mótun bollans þurfa nemendur að hugsa sérstaklega um stefnu trefjanna og sambandið milli innri og ytri hluta trésins. Neðsti hluti bollans verður úr innsta hluta trésins, þannig að nemendur þurfa að skilja hvernig efnið liggur og hvernig hægt er að staðsetja bollann í viðnum þannig að hann haldi styrk og formi sem best.<br>Verkefnið er því ekki aðeins smíði á nytjahlut heldur rannsókn á eiginleikum trésins: hvernig það vex, hvernig trefjarnar liggja, hvar viðurinn er sterkastur og hvernig | Við lok verkefnisins geti nemandi:<br>● þekkt helstu trjátegundir sem unnið er með í skógarumhverfinu,<br>● útskýrt í meginatriðum hvernig tré er uppbyggt og hvernig trefjar þess liggja,<br>● gert grein fyrir því hvernig trefjastefna hefur áhrif á styrk og vinnslu viðar,<br>● tekið þátt í fellingu trés undir leiðsögn og með viðeigandi öryggisráðstöfunum,<br>● notað exi með öruggum og meðvituðum hætti undir leiðsögn,<br>● notað klofjárn til að kljúfa ferskan við eftir trefjum,<br>● lesið efnivið og tekið ákvarðanir um staðsetningu og vinnslu hans,<br>● útskýrt hvers vegna staðsetning bollans í drumbnum skiptir máli,<br>● skilið að neðsti hluti bollans er mótaður úr innsta hluta trésins og tengt það við styrk og stöðugleika hlutarins,<br>● notað sög, útskurðarhníf og holjárn af öryggi og með aukinni nákvæmni,<br>● notað holjárn til að móta íhvolft innra form,<br>● stjórnað veggþykkt og dýpt þannig að bollinn haldi styrk og formi,<br>● samþætt kúpt ytra form og íhvolft innra form,<br>● hannað og smíðað nytjahlut út frá eiginleikum valins efniviðar,<br>● sýnt sjálfstæði, þolinmæði og nákvæmni í lengra vinnuferli, |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | handverksmaðurinn getur unnið með þessum eiginleikum í stað þess að vinna gegn þeim. | • metið eigin vinnu og gert breytingar þegar þess þarf,<br>• gengið vel frá verkfærum, efniviði og vinnusvæði. |
| Eldsmíði<br>Haustönn<br>31.8.-18.9. | | Smíða króka úr járni | • þekkt verkfæri sem notuð eru í eldsmíði: hamar, tangir og steðja<br>• þekkt samspil elds og járns og rétta hitastig járns við eldsmíði<br>• þekkt grunnaðferðir við eldsmíði<br>• beitt viðeigandi vinnustellingum og notað réttan hlífðarbúnað<br>• sýnt góða samvinnu |

## Heimilisfræði

| Vorönn | Heimilisfræði | Viðfangsefni lotunnar | Hæfniviðmið |
|---|---|---|---|
| 8.2. - 26.2.<br>8. Bekkur | Útieldun | 8.bekkur<br><br>Í þessari lotu kynnast nemendur fjölbreyttum aðferðum við útieldun og læra að undirbúa, elda og bera fram einfalda rétti við mismunandi aðstæður utandyra. Nemendur þjálfast í að velja hráefni, skipuleggja vinnuferli, fara eftir öryggisreglum og sýna ábyrgð í umgengni við náttúru og búnað. Áhersla er lögð á samvinnu, sjálfstæð vinnubrögð og að efla jákvætt viðhorf til útivistar og matargerðar. | • skipulagt og undirbúið einfalda máltíð til eldunar utandyra með hliðsjón af hráefnum, búnaði og aðstæðum.<br>• beitt helstu aðferðum við útieldun á öruggan og ábyrgan hátt.<br>• fylgt reglum um öryggi við meðferð elds, heitra áhalda og matvæla.<br>• unnið sjálfstætt og í samvinnu við aðra að undirbúningi, eldun og frágangi.<br>• sýnt ábyrgð og góða umgengni í náttúrunni og skilið eftir sig snyrtilegt umhverfi.<br>• metið eigin vinnubrögð og lagt mat á árangur við undirbúning og framkvæmd útieldunar.<br>• tengt útieldun við heilbrigða lífshætti, útivist og sjálfbæra nýtingu auðlinda. |
| 1.3. - 9..4.<br>7.bekkur | Matarmenningar mismunandi landa | Í 7.bekk kynnast nemendur matarmenningu mismunandi landa og læra að útbúa rétti frá ólíkum heimshlutum. Með því fá þau innsýn í fjölbreytni matar og hráefna. Áhersla er lögð á samvinnu og að nemendur taki meiri ábyrgð í matargerð. | • Undirbúið og eldað einfalda rétti frá mismunandi menningarheimum<br>• Notað ólíkar matreiðsluaðferðir<br>• Unnið sjálfstætt í hópaverkefni í eldhúsi<br>• Sýnt virðingu fyrir mismunandi matarhefðum<br>• Tekið þátt í skipulagi vinnu við matargerð |

## Tónlist

| Vorönn | Tónlist | Viðfangsefni lotunnar | Hæfniviðmið |
|---|---|---|---|
| 1.2.- 26.2.<br>7. Bekkur<br><br><br><br>1.3.-9.4.<br>8. Bekkur | | • nemendur syngja einraddað og margraddað með áherslu á ítónun, hljóð og tjáningu<br>• nemendur flytja lög og vísur frá eldri tíð og nútímanum<br>• nemendur læra nótnakerfið í g-lykli<br>• nemendur kynnast f-lykli<br>• nemendur kynnast grunnatriði tónlistar s.s. takt, hrynjanda, dúr og moll<br>• nemendur læra að þekkja tónbil, fjórund, fimmund og áttund<br>• nemendur kynnast ýmsum hljóðfærum og æfa sig á nokkur þeirra<br>• umræður um laglínur, hljóm, hrynjanda, hraða og form tónlistar | |

## Hrynlist / Eurythmi

| Vorönn | Hrynlist | Viðfangsefni lotunnar | Hæfniviðmið |
|---|---|---|---|
| 18.1 - 29.1. | Hrynlist eða eurythmi er hluti af skólanámskrá Waldorfskóla og sem hreyfilist/dans fellur hún undir hæfniviðmið sviðslista í Aðalnámskrá grunnskóla er snúa að dansi. | - Æfingar sem taka mið af takti og hrynjanda til að efla einbeitingu og meðvitund,<br>- Æfingar með t.d. texta og form sem og tónlist,<br>- léttar og skemmtilegar æfingar sem byggja á samhæfingu,styrkja vitsmuni,jafnvægi og innri viljastyrk og eru um leið spennulosandi og mjög upplífgandi<br>- æfingar til að leita inn á við og finna ró.<br>- Unnið verður með ljóðum sem hafa vissan innri tilfinningaþrúnga, þar sem spenna og losun, gleði og sorg mætast. Hér geta ballöður, grínkvæði og hin ýmsu mótsagnarkenndu ljóð átt við. Börnin fá einnig að koma með tillögur eða jafnvel að koma með eigin kvæði/ljóð til vinnslu. | Að barnið:<br>● Hæfniviðmið, nemendur geta:<br>● samhæft tónlist/ljóðalestur og hreyfingu með góðri líkamsvitund og líkamsbeitingu<br>● sýnt öryggi og færni til að gera hrynlist/dans einn eða sem hluti af<br>● pari eða hópi<br>● geta sýnt hrynlist fyrir framan áhorfendur með tilfinningu fyrir<br>● þáttum eins og túlkun, augnsambandi, rými og líkamsbeitingu |

## Leiklist

| Vorönn | Leiklist | Viðfangsefni lotunnar | Hæfniviðmið |
|---|---|---|---|

| | | | |
|---|---|---|---|
| Tímabil<br>17.02-5.03<br>Leikrit | Samþætt við list- og verkgreinakennslu, mannkynssögu og sirkus. | Nemendur æfa og flytja leikrit fyrir skólasamfélagið.<br>Leikrit og handritagerð byggt á mannkynssögulotu,miðaldir/<br>Landafundirnir. Nemendur setja upp sýningu fyrir skólasamfélagið.<br>Sviðshönnun og búningagerð í samvinnu við list- og verkgreinakennara.<br>• handritaskrif<br>• persónusköpun<br>• radd- og líkamsbeiting<br>• æfingarferlar fyrir uppsetningu leikrits<br>• framkoma og framsögn<br>• búningahönnun<br>• sviðshönnun<br>• uppsetning leiksýningar | Ná tökum á sviðsframkomu og raddbreytingu uppá sviði,<br><br>vinna sem hópur að sviðsframkomu og framburði á texta.<br><br>dýpka þekkingu sína á sögusviðinu mannkynssögunar og ná þar að leiðandi að rýna inní hugavitund og daglegs lífs þeirra sem komu fyrir. |

### Myndlist

| | Myndlist | Viðfangsefni lotunnar | Hæfniviðmið |
|---|---|---|---|
| Tvær samliggjandi kennslustundir 1x í viku, í tveimur lotum yfir skólaárið | | *vantar* | *vantar* |

## Samfélagsfræði

### Mannkynssaga

| | | Viðfangsefni lotunnar | Hæfniviðmið |
|---|---|---|---|
| Haustönn<br>21.09-23.10 | Miðaldir | Í lotunni verður fjallað um samfélag og menningu miðalda, með áherslu á daglegt líf fólks, lénsskipulag, riddara og kastala, klaustur og kirkju, verslun og bæjarlíf og þær breytingar sem urðu á samfélagi Evrópu á tímabilinu. Einnig verður horft til Íslands á miðöldum þar sem það á við. Kennslan byggir á frásögnum, umræðum, myndrænni vinnu og verkefnum nemenda. | Nemandi geti:<br>lýst helstu einkennum samfélags og mannlífs á miðöldum,<br>gert sér grein fyrir ólíkum hlutverkum og lífsskilyrðum fólks á tímabilinu, |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mannkynssaga samþætt við íslensku | | | sett atburði og samfélagsbreytingar í sögulegt samhengi,<br>borið saman líf og samfélag á miðöldum við önnur tímabil,<br>unnið með sögulegt efni í gegnum frásögn, umræður, ritun og myndræna framsetningu |
| Vorönn<br>12.04-30.04<br><br>Mannkynssaga samþætt við íslensku | Endurreisnin | Endurreisnin - samfélagslegar breytingar sem leiða til endurreisnar og sögufrægir listamenn, hugsuðir og vísindamenn. Skrifað um æfi þeirra og unnið listrænt í anda Endurreisnarlistamanna.<br><br>Ástæður þess að landkönnuðir fóru af stað, breytt heimsmynd og leit að nýjum verslunarleiðum til Austurlanda fjær og Asíu.<br>• heimskringlan og heimskortin skoðuð<br>• hvar voru helstu þéttbýliskjarnarnir<br>• hvaða þekking bjuggu menn yfir á 15.öld<br>• tíðarandi og heimsmynd<br>• landkönnuðir Portúgala og Spánverja<br>• silkileiðin og Marco Póló<br>• nemendur vinna texta út frá fyrirlestrum kennara og lesningu á ítarefni.<br>• nemendur myndskreyta texta.<br>• nemendur gera efnisyfirlit í aðalkennslubók | Nemandi geti:<br>útskýrt hvað einkenndi endurreisnartímann og hvernig hann tengdist breytingum frá miðöldum til nýrra tíma,<br>sagt frá helstu hugmyndum, uppgötvunum og menningarstraumum tímabilsins,<br>gert sér grein fyrir áhrifum endurreisnar á listir, vísindi og heimsmynd fólks,<br>fjallað um valda einstaklinga og verk þeirra og sett þau í sögulegt samhengi,<br>miðlað þekkingu sinni með ritun, myndrænni vinnu, frásögn og umræðum |

## Lífsleikni

| | | Viðfangsefni lotunnar | Hæfniviðmið |
|---|---|---|---|
| Allt skólaárið | Vikulegir bekkjarfundir allt skólaárið.<br><br>26.08-15.12 | Haldnir eru bekkjarfundir þar sem vettvangur er skapaður fyrir einlægar umræður um málefni sem er unglingum hugleikin. Aukinn þroski kallar á aukna ábyrgð í hegðun og samskiptum. Einnig opnast fleiri möguleikar og mikilvægt er að gera sér grein fyrir afleiðingum mismunandi ákvarðana. Aukin réttindi í samfélaginu leiða af sér auknar skyldur.<br><br>Uppbygging samfélagsins, neysluvenjur, jafnréttismál og mannréttindi almennt eru til umfjöllunar auk þeirra mála sem eru til umfjöllunar í fjölmiðlum hverju sinni í reglulegri umræðu í morguntíma.<br>Anna mánudaga til jóla. Farið verður aðallega í kringum nærumhverfi skólans. | Geti greint tengsl á milli eigin ákvarðana, hegðunar og afleiðinga fyrir sig og aðra.<br><br>tjáð eigin skoðanir á skýran og rökstuddan hátt og hlustað á og virt sjónarmið annarra í umræðum um viðkvæm eða umdeild málefni<br>Nemendur axla ábyrgð á eigin námi og samskiptum, og læra að setja sig í spor annarra |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Haustönn<br>21.09-25.09 | Furudalsvika | Lífsleiknivika<br>Nemendur fara eftir morguntíma í Furudal. Nemendur fara í hlutverkaleik þar sem iðnir þorpsbúar byggja einföld hús, gera hlóðir, kveikja elda, baka pinnabrauð, tálga, jurtalita ullarband og berjast við dreka sem búa í nærliggjandi skógi. Allir nemendur taka þátt ásamt kennurum og starfsfólki skólans.<br>Nemendur kynnist útieldun og öryggisreglum sem fylgja því að elda mat út í náttúrunni. Nemendur kynnist mismunandi aðferðum við bakstur. Nemendur læri að velja sér og búa til hollan skyndibita. | Að nemendur reyni á eigin þolmörk, sýni hugrekki í hlutverkaleiknum og efli sjálfstraust sitt í óhefðbundnum aðstæðum.<br><br>Að nemendur efli samstarfshæfni sína, sýni gagnkvæma virðingu og vinni saman sem heildstætt samfélag til að leysa raunveruleg og leikræn vandamál. |
| | Bekkjarferð | Lífsleikni – bekkjarferð:<br>Í bekkjarferð verður lögð áhersla á að efla samheldni, sjálfstæði og ábyrgð nemenda. Nemendur taka þátt í undirbúningi ferðarinnar, verkaskiptingu og sameiginlegum verkefnum. Ferðin verður einnig nýtt til útivistar og tengingar við náttúru og nærumhverfi.<br>Ferðaplanið er þórsmörk 27. Ágúst og gist í Langadal.<br>Síðan verður önnur ferð 28 maí í þakgil | nemendur kynnist nærumhverfi sínu í gegnum beina reynslu og læri að lesa í landslag, náttúru, sögu og mannlíf. Farið verður fjölbreyttar leiðir um hverfið og nærliggjandi náttúrusvæði og göngurnar tengdar eftir því sem við á við árstíðir, staðhætti, sögu og önnur viðfangsefni námsins. |

## Kynfræðsla

| | | Viðfangsefni lotunnar | Hæfniviðmið |
|---|---|---|---|
| Lífsleikni + kynfræðsla | | Helstu hugtök og umræður:<br>● Kynþroskinn og líkamlegar breytingar<br>● Tilfinningar, samskipti og andlegur þroski<br>● Ábyrgð, sjálfsábyrgð, sjálfsálit, sjálfsvirðing<br>● Pressa, saklaus og ekki saklaus pressa<br>● Virðing manndóms og heiður orðspors<br>● Kynlíf, sjálfsfróun, kynlíf vs. klám<br>● ((Ef tími gefst: Klám, klámfíkn og ofbeldishegðun, Leyfi, tengslarof milli hugar, hjarta og kynfæra.)) | ● Geta lýst helstu breytingum á líkamanum á kynþroskaskeiðinu.<br>● Þekkja gerð og starfsemi kynfæranna<br>● Átta sig á líkamlegum, andlegum, félagslegum breytingum sem fylgir því að þroskast<br>● Átta sig á samhengi hirðusemi og hollra lífsvenja<br>● Velta fyrir sér hvernig tilfinningar hafa áhrif á hegðun og samskipti<br>● Þekkja hugtökin sjálfsmynd, sjálfsvirðing, vinátta, kynhvöt og kynhneigð |

# Náttúrufræði

## Stjörnufræði

| | | Viðfangsefni lotunnar | Hæfniviðmið |
|---|---|---|---|
| Haustönn<br>30.11. -18.12 | | Nemendur vinna í aðalkennslubækur texta og skýringarmyndir.<br><br>● Reikistjörnurnar<br>● ýmis fyrirbæri í geimnum<br>● svarthol<br>● mismunandi gerðir stjarna<br>● tunglið á áhrif þess á jörðina.<br>● tungllending bandaríkjanna<br>● er líf annars staðar en á jörðinni?<br><br>Nemendur vinna texta og ljóð, teikna með kolum og mála með vatnslitum. Einnig verður stjörnuskoðun eina kvöld stund þar sem nemendur og kennarar koma með stjörnusjónauka og skoða himinhvolfið. | ● Útskýrt á einfaldan hátt reglulega atburði í náttúrunni sem tengjast hreyfingum jarðar og tungls.<br>● Notað einföld hugtök í stjörnufræði til að lýsa fyrirbærum í sólkerfinu og geimnum.<br>● Öðlist grundvallarskilning á uppbyggingu sólkerfisins, röð og einkennum reikistjarnanna.<br>● Skilji hlutverk og áhrif tunglsins á jörðina (t.d. flóð og fjöru og breytilegt útlit þess).<br>● Kynnist sögu geimrannsókna með áherslu á tungllendinguna 1969.<br>● Geti útskýrt á einfaldan hátt flókin geimfyrirbæri eins og svarthol og mismunandi líftíma/gerðir stjarna.<br>● Þjálfi vísindalæsi og sköpunargáfu með því að skrifa og teikna eigin útskýringar og hugleiðingar í vinnubók sína. |

## Efnafræði

| | | Viðfangsefni lotunnar | Hæfniviðmið |
|---|---|---|---|
| Vorönn | | ● grunnþætti efnafræðinnar<br>● efnafræðileg kerfi, lotukerfið<br>● atómísk líkön<br>● kolefnishringrásin | ● geti skilgreint sérkenni námsgreinarinnar í tengslum við önnur náttúrufög<br>● tileinki sér skipuleg og nákvæm vinnubrögð við athuganir<br>● geti lýst ólíkum efnafræðilegum ferlum og dregið ályktanir af tilraunum<br>● geti framkvæmt einfaldar tilraunir markvisst og af öryggi og skilji forsendur þeirra<br>● þekki algengustu frumefnin, hvernig þau koma fyrir í náttúrunni og sérstaka eiginleika þeirra<br>● skilji grundvallar skipulag efnafræðinnar, hugtök og flokkunarkerfi |

## Eðlisfræði

| | | Viðfangsefni lotunnar | Hæfniviðmið |
|---|---|---|---|
| Vorönn<br>4.1. - 29.1. | | Við höldum áfram að efla skynjun okkar og athugandi í gegnum rannsóknir og tilraunir í ljós, varma og aflfræði.<br><br>Við æfum okkur í að taka inn og treysta skilningarvitunum okkar og taka svo upplifanir okkar í tilraununum og ræða þær saman til að komast að leyndardómum þeirra lögmála ssem ríkja í efnisheiminum í kringum okkur. Við notum vísindalega aðferð til að setja fram tilgátur okkar og skráum niðurstöðu tilrauna okkar bæði í texta og mynd.<br><br>Kennslan miðar að því að nemandinn út frá eigin athugandi uppgötvi ferla í heiminum í kringum sig og læri að sjá hvað er að ske. Kennarin undirbýr tilraunir sem hópurinn nýtur saman og ræðar og ályktar út frá, Við notfærum okkur það sem við vitum og reynum að komasts að niðurstöðu. | • þekki til og geti lýst birtingarmynd grundvallar fyrirbæra eins og ljósi, myrkri og litum<br>• þekki hinar mismunandi undirstöðureglur fyrir litamyndun; eðlisfræðilegar, efnafræði-<br>• legar og lífeðlisfræðilegar,<br>• geti unnið fram litahringinn, einn eða í samvinnu.<br>• þekki til og geti lýst fyrirbærum sem sýna sérkenni hita og kulda,<br>• þekki til hlutverks hitastigs í tengslum við leysni og efnisham.<br>• æfi kerfisbundna athugun á náttúrufyrirbærum og tilraunum og byggi upp góða starfs-<br>• hætti með tilliti til skráninga, nákvæmra lýsinga o.þ.h.,<br>• æfi vísindalegar aðferðir í huglægri úrvinnslu á athugununum,<br>• æfi fagleg samtöl og rökræðu með tilliti til hugtakamyndunar og ályktana. |

## Garðyrkja

| | | Viðfangsefni lotunnar | Hæfniviðmið |
|---|---|---|---|
| Haustönn<br>Tímabil<br>31.08-11.09<br><br>Vorönn<br>Tímabil<br>31.0- 11.6 | Garðyrkja | Nemendur sjá um eigin skólagarð og allt sem viðkemur viðhaldi og ræktun á honum.<br>Nemendur vinna í matjurtagörðum skólans við uppskeru, almenna garðumsjón og umhirðu<br>• nemendur nota hráefni úr garðinum til súrsunar og sulturnar<br>• nemendur þurrka jurtir og útbúa te og smyrsl<br>• saftgerð<br>• nemendur ganga frá matjurtargarðinum og undirbúa fyrir veturinn<br>• byggðu gerði fyrir motlugerð | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | • sáðning bæði á haust og vorönn. | |
| Vorönn<br>10.5. - 28.5. | Líffræði | • Vísindalegar athuganir, tilraunir og mælingar með áherslu á manneskjuna, sér í lagi meltingarveginn. | Nemendur geti<br>• beitt hugtökum og heitum í náttúruvísindum við fjölbreyttar aðstæður,<br>• lesið þyngri náttúruvísindatexta sér til gagns og ánægju og endursagt og rætt helstu atriði, lesið út úr myndritum og myndefni um náttúrufræði, umorðað, túlkað og sett í margvíslegt samhengi,<br>• framkvæmt, skráð og safnað upplýsingum út frá athugunum og mælingum úti og inni, samkvæmt fyrirmælum og á eigin vegum,<br>• skýrt muninn á staðreynd og skoðun, tilgátu og kenningu í tengslum við náttúruvísindi og sagt frá dæmum um vísindalega þekkingarsköpun,<br>• tekið þátt í umræðu um hvernig náttúruvísindi bæði móta og mótast af tækni, menningu og heimsmynd mannsins. |

## Íþróttir og hreyfing

| | Íþróttir og hreyfing | Viðfangsefni lotunnar | Hæfniviðmið |
|---|---|---|---|
| Haustönn<br>30.11-18.12 | Bothmer leikfimi<br>Fimleikaæfingar sem við gerum eru frá Bothmer fimleika. Þetta eru æfingar sem Friz Graf von Bothmer, fyrsti fimleikakennarinn í Waldorfskólanum í Stuttgart, vann út með stuðningi Steiners.<br>Meginmarkmið þeira er að rækta, skref fyrir skref, meðvitund um að vera uppréttur og um rýmisdýnamík. | Fimleikaæfingarnar með tréstöngum eru byggðar á þríhyrningum og ferningum og taka upp rúmfræðileg þemu.<br>Bothmeræfingar fyrir þetta stig innihalda taktfastar sveiflur og stökk.<br>Tæki sem stuðla að hugrekki eru viðeigandi: að stökkva niður úr hæð, halda jafnvægi hærra uppi, klifra. Boðhlaup hvetja til keppni en viðhalda samstöðu hópsins.<br>Nákvæmni, hugrekki og einföld liðstækni efla þessu upplifun af “ég kem nú inn í líkama minn”.<br>Nú er hægt að kynna íþróttir á léttum og einföldum hátt. Æfd er : ratleikur, mjúkbolti, tennis, körfubolti, netbolti og blak. | Að nemandinn geti:<br>• framkvæma æfingar í völdum íþróttagreinum<br>• sýna fram á grunnfærni byggða á eigin getu í einstökum íþróttagreinum<br>• nota grunntækni og einfaldar taktík í völdum liðsíþróttum. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 24.05-28.05 | Ólympíuleikar | Ólympíuleikar eru haldnir að vori. Unnið er í hópastarfi þvert á bekki.<br>Ólympíuleikar eru settir upp í anda hinna upphaflegu forn-grísku leika og sameinast allir nemendur skólans sem þátttakendur á sérstökum íþróttadegi, en haldin er vikulöng íþróttahátíð í tengslum við leikana. | Beitt mismunandi tækni og færni í frjálsíþróttagreinum (kúluvarpi, langstökki, spretthlaupi) á viðeigandi hátt.<br><br>Sýnt vandaða framkomu, prúðmennsku og íþróttamannslega hegðun í leik og keppni.<br><br>Sýnt ábyrgð og frumkvæði í samstarfi og tekið tillit til ólíkra þarfa og getu samnemenda sinna í hópastarfi. |
| Einu sinni í viku yfir skólaárið | Íþróttir | Íþróttir eru kenndar á fjölbreyttan hátt yfir allt skólaárið.<br><br>skokk, gönguferðir, hraðahlaup, blak, badminton, fótbolti, handbolti, körfubolti og almennt þrek<br>hefð er fyrir nokkrum fjallgöngum yfir skólaárið<br>íþróttir eru kenndar í Fylkishúsinu sem og á Útisvæði skólans | Að einstaklingurinn getur nýtt sér þekkingu sína í uppistöðu námsins til þess að nýta sér það heima fyrir og komist í líkamlegra betra form,<br><br>að einstaklingurinn finni fyrir aukinni vellíðan með aukinni hreyfingu,<br><br>að einstaklingurinn getur bætt sig í þreki, áokrað meira og kynnst nýjum íþróttum í öryggi. |
| Einu sinni í viku | Sund | | |

## Upplýsinga- og tæknimennt (UT)

| | | Viðfangsefni lotunnar | Hæfniviðmið |
|---|---|---|---|
| | Að nemendur þjálfist í gagnrýnni upplýsingaöflun þar sem þeir bera saman margar heimildir, meta áreiðanleika þeirra og draga eigin ályktanir á | • **Skólasafnið:** hvernig safnið er skipulagt, Dewey-flokkunarkerfið, kjalmerkingar, handbækur og fræðibækur.<br>• **Rafrænar leitarvélar safna:** leit í Leitir.is eftir titli, höfundi og efnisorðum, og hvernig á að sjá hvort bók er inni og hvar hún er. | - að nemandi noti skólasafnið til að afla sér þekkingar, bæði í skipulögðu námi og að eigin frumkvæði, sér til gagns og ánægju.<br>- að nemandi noti safnið á fjölbreyttan hátt, bæði til að afla þekkingar og miðla henni.<br>- að nemandi noti leitarvélar, gervigreind og önnur verkfæri við upplýsingaöflun á siðferðilega ábyrgan hátt. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | grundvelli gagna frekar en einnar heimildar. | • **Rafræn gagnasöfn:** t.d. Tímarit.is fyrir gömul blöð og tímarit, Rafbókasafnið og efni í landsaðgangi á hvar.is. Athugaðu hvað skólinn og almenningssafnið hafa aðgang að.<br>• **Heimildarýni og heimildaskráning:** að meta og skrá bæði prentaðar og rafrænar heimildir.<br>• Gervigreind og siðferði : að nemendur dýpki skilning sinn á gervigreind sem upplýsingatæki og ræði siðferðileg álitamál tengd notkun hennar – meðal annars nákvæmni, bjögun, höfundarrétt og hreinskilni. | - sama hæfni með gagnabönkum til viðbótar, á fjölbreyttari hátt og með skilningi á því hvernig verkfærin virka.<br>- að nemandi meti gæði upplýsinga og átti sig á því hve fjölbreytt stafrænt efni er.<br>- að nemandi greini, beri saman og meti á gagnrýninn hátt hversu trúverðug og áreiðanleg gögn og upplýsingar eru.<br>- að nemandi vinni með heimildir í samræmi við höfundarétt og útbúi einfalda heimildaskrá. |

## Val

| | | Viðfangsefni lotunnar | Hæfniviðmið |
|---|---|---|---|
| Val er kennt í einum föstum fagtíma á viku allt skólaárið. | Val | Nemendur geta valið á milli námskeiða. Valgreinar: tungumál, myndlist, hönnun ofl. | • beitt ólíkum tæknilegum aðferðum, verkfærum og miðlum sem viðkomandi valgrein krefst |

*Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar